# FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

**Kennsluáætlun:** Vorönn 2019

**Áfangi** **TTÖL1X02,** tölvuteikning á starfsbraut .

**Áfangalýsing:** Í áfanganum fá nemendur að kynnast og vinna með teikniforritið Autocad þar sem teiknað er í tvívíðu formi. Lögð verða fyrir ýmis teikniverkefni sem nemendur teikna á önninni. Einnig fá nemendur að kynnast forritinu Sketchup þar sem teiknað er í þrívíðu formi.

**Markmið áfangans:** Helstu markmið áfangans eru að nemendur:

- fái að kynnist tölvuteikningu og geti teiknað ýmis teikniverkefni í tölvu sér til gagns og ánægju
- kynnist helstu teiknireglum
- geti málsett mismunandi teikningar skv. málsetningarreglum og einnig skrifað texta inn á þær
- öðlist skilning á teikningalestri á nokkrum sviðum

**Verkefnaskil:** Á önninni verða lögð fyrir **teikniverkefni** sem nemendur teikna í skólanum. Einnig fá nemendur að velja sjálfir verkefni til að teikna. Sett eru tímamörk á einstök verkefni sé ástæða til, en annars er farið eftir getu hvers og eins.

**Námsmat:** Ekkert lokapróf er í áfanganum heldur eru verkefnin sem nemendur teikna út önnina metin og gefin lokaeinkunn út frá þeim. Einnig er tekið tillit til ástundunar, áhuga og hegðunar nemenda í tímum í lokaeinkunninni. Teikniverkefnin verða metin jafnóðum og lokið er við þau.

**Athugasemdir:**

Ljúka skal hverju teikniverkefni að fullu áður en það næsta er tekið fyrir. Senda skal kennara verkefnin á pdf-formi á netfangið ingvar@fsu.is .
Áfanginn er aðgengilegur í Innu og þangað má nálgast öll verkefnin Nemendur geta einnig fengið ljósrit af verkefnum í tímunum, ef þeir kjósa.
AutoCad forritið er til staðar í öllum tölvunum í kennslustofunni og vilji nemendur einnig teikna heima í sínum eigin fartölvum þá er hægt að fá forritið sett í tölvurnar hjá tölvuþjónustu skólans. Sketchup forritið má hlaða niður af netinu og er það frítt.

**F.Su. 7. janúar 2019** **Kennari:** Ingvar Bjarnason